

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársskýrsla
2015



Ársskýrsla Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Ritstjórn og ábyrgð: Þórhildur Þorsteinsdóttir
Gerð ársreiknings: Jón G. Guðbjörnsson, Þórhildur Þorsteinsdóttir
Samantekt taflna ofl.: Þórhildur Þorsteinsdóttir
Endurskoðun ársreiknings: Ríkisendurskoðun/Sigurgeir Bóasson

Forsíða: Skógarfoss, Sigurjón Einarsson

Umbrot: Þórunn Edda Bjarnadóttir
Prentun: Leturprent, Dugguvogi 12, Rvk.

1. INNGANGUR

Framleiðnisjóður landbúnaðarins starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að „veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum.“ Landbúnaðarráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Skulu tveir menn tilnefndir af landbúnaðarráðherra, tveir af Bændasamtökum Íslands og einn af ráðherra byggðamála. Stjórn Framleiðnisjóðs tekur ákvarðanir um veitingu styrkja og lána úr sjóðnum á grundvelli umsókna er honum berast.

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eru starfsfé í samræmi við samning sem landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gera samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998. Aðrar tekjur Framleiðnisjóðs eru vaxta- og umsýslutekjur.

2. STJÓRN OG STARFSMENN

Í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sitja nú með skipunartíma til 15. janúar 2017:

Ríkharð Brynjólfsson, Hvanneyri, form., tilnefndur af Atvinnu- og nýsköpunarráðherra

Elín Aradóttir, Hólabaki, A.-Hún., tilnefnd af Atvinnu- og nýsköpunarráðherra

Björn Halldórsson Akri, Vopnafirði, tilnefndur af Atvinnu- og nýsköpunarráðherra

Guðný Helga Björnsdóttir, Bessastöðum, V-Hún., tilnefnd af Bændasamtökum Íslands, og

Sveinn Ingvarsson, Reykjahlíð, Árn., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

Varamenn í stjórn Framleiðnisjóðs eru skipaðir í sömu röð tilnefninga:

Hanna Dóra Hólm Másdóttir, viðskiptafr. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Sigríður Jóhannesdóttir, Gunnarsstöðum, Þistilfirði

Faney Ólöf Lárusdóttir, Kirkjubæjarklaustri

Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir, Egilsstöðum og

Jóhannes Sigfússon, Gunnarsstöðum, Þistilfirði

Framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er Þórhildur Þorsteinsdóttir og er eini starfsmaður sjóðsins. Framleiðnisjóður leigir húsnæði til starfsemi sinnar í skrifstofubýggingu Borgarlands ehf. við Hvanneyrargötu 3 á Hvanneyri.

3. STARF FRAMLEIÐNISJÓÐS 2015

Stjórn Framleiðnisjóðs hélt átta formlega fundi á árinu 2015. Þar af voru þrír símafundir og hefur sá háttur reynst vel og sparað fé og fyrirhöfn á milli hefðbundinna fundahalda. Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri fóru kynnisferð um Suðurland og heimsóttu marga aðila sem hafa átt eða eiga samskipti við sjóðinn vegna nýbreytni og

atvinnusköpunar. Þessar árlegu ferðir sjóðsstjórnar eru liður í eftirfylgni og aðhaldi af hennar hálfu gagnvart viðskiptavinum sjóðsins en einnig stjórnarmönnum til gagns í þeirra störfum. Að venju voru ýmsir fundir haldnir með einstaklingum og fulltrúum aðila er óskað höfðu liðsinnis Framleiðnisjóðs eða áttu við hann önnur erindi. Einnig sóttu formaður og framkvæmdastjóri fundi og aðra viðburði eftir efnum og ástæðum.

Á heimasíðu Framleiðnisjóðs (www.fl.is) eru upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans, fréttir og tilkynningar svo og umsóknareyðublöð. Ársskýrslur sjóðsins 1998-2014 eru sömuleiðis aðgengilegar á heimasíðu hans. Þær hafa einnig verið gefnar út prentaðar í takmörkuðu upplagi en megin hluta þess er dreift til búnaðarþingsfulltrúa, alþingismanna og til nokkurra stofnana.

4. STARFSREGLUR FRAMLEIÐNISJÓÐS 2015

Í upphafi árs fjallaði stjórn Framleiðnisjóðs að venju um starfsreglur fyrir árið og bar þær undir Atvinnu- og nýsköpunarráðherra lögum samkvæmt. Starfsreglur og fjárhagsáætlun ársins 2015 voru byggðar á bókun með núgildandi Búnaðarlagasamningi þar sem sjóðnum er settur eftirfarandi rammi á samningstímanum. Bókunin markar áherslur sjóðsins;

I. Efling kornræktar:

- a. Framleiðnisjóður stuðli að eflingu kornræktar m.a. með stuðningi við grunnfjárfestingar til markaðsfærslu á íslensku korni.
- b. Framleiðnisjóður styðji við stofnræktun á sáðbyggi, kynbættu fyrir íslenskar aðstæður, samkvæmt samningi við Landbúnaðarháskóla Íslands.

II. Framleiðnisjóður verði leiðandi stuðningsaðili við þróunar- og nýsköpunarstarf landbúnaðarins m.a með:

- a. Stuðningi við rannsóknarstarf og aðra þekkingaröflun í greininni.
- b. Stuðningi við nýsköpunar- og þróunarstarf í greininni.
- c. Stuðningi við sérstakt orkuátak í greininni, sem ætlað verði að bæta orkunýtingu og auka hlut innlendrar orku til landbúnaðarnota.
- d. Stuðningi við sérstakt átak til að efla og bæta búrekstur. Því verði m.a. ætlað að auka framleiðni, bæta afkomu, stuðla að fjölþættari nýtingu bújarða og fjölga atvinnutækifærum.

Framleiðnisjóður leggur áherslu á að fjármagn sjóðsins verði til viðbótar framlögum frá ábyrgðaraðilum verkefnanna, bæði eigin fjár og því sem þeir kunna að afla frá öðrum.

Framleiðnisjóður hvetur jafnt konur sem karla til að senda umsóknir um fýsileg verkefni til sjóðsins.

5. FJÁRMUNIR OG RÁÐSTÖFUNG ÞEIRRA 2015

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins alls 107,9 mkr. Þar af nam framlag ríkis skv. fjárlögum 101,0 mkr. Fjármunatekjur námu 6,9 mkr.

Eins og fyrri ár var óhöfnum framlögum endurráðstafað, að upphæð 18,3 mkr., en

Það eru framlög sem samþykkt voru á árunum 2014 og fyrr en hafa ekki verið nýtt að neinu leyti. Sjóðurinn hefur fylgt þeirri reglu sinni frá árinu 2011, að fyrna styrkloforð á einu ári frá úthlutun, sé ekkert farið að framkvæma samkv. umsókn.

Samþykkt framlög úr Framleiðnisjóð námu 107,1 mkr. Á árinu 2015 nam rekstrar-kostnaður Framleiðnisjóðs alls 18,3 mkr. samanborið við 17,6 mkr. árið 2014. Sjóðurinn er gerður upp með 841 þús.kr. í tekjuafgang.

Eignir Framleiðnisjóðs í árslok 2015 námu 212,2 mkr.; allt innistæður í lánastofnunum en á móti koma óhafin framlög (loforð um styrki) og umsýslufé 142,8 mkr. Eigið fé Framleiðnisjóðs var 69,4 mkr. í árslok 2015.

Um fjárhag Framleiðnisjóðs er að öðru leyti vísað til ársreiknings hans sem fylgir þessari skýrslu og skýringa við hann. Ársreikningur Framleiðnisjóðs er gerður upp á rekstrargrunni.

6. UMSÓKNIR OG ERINDI 2015

Á árinu 2015 tók stjórn Framleiðnisjóðs alls fyrir 75 aðsend erindi. Af þeim voru 22 umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 53 töldust til almennra viðfangsefna.

Stjórn Framleiðnisjóðs afgreiddi á árinu 54 erindi með fyrirheit um fjárstuðning. Af þeim voru 17 vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 37 almenn verkefni. Synjað var 5 erindum úr fyrri flokknum. Úr síðari flokknum var 16 erindum synjað, þau viku í forgangsröð eða voru talin utan starfssviðs sjóðsins.

7. HELSTU VERKEFNI SEM STUÐNINGS NUTU

Hér verður getið helstu viðfangsefna sem Framleiðnisjóður samþykkti stuðning við á árinu 2015. Skrár um einstök framlög, sem sjóðurinn samþykkti að veita einstaklingum, stofnunum og samtökum, er að finna í 4. og 5. töflu hér aftar. Einnig er vísað til ársreiknings sjóðsins og skýringa með honum.

a) Hagræðingar- og framleiðniverkefni

Ýmis rannsókn- og þróunarverkefni: Framleiðnisjóður styrkti rannsókn- og þróunarverkefni af ýmsum toga í tölverðum mæli, enda spurn eftir stuðningi við þau mikil. Stærstu verkefni í þessum flokki á árinu 2015, hvað fjárupphæð snerti, voru á eftirfarandi verksviðum:

- vegna þróunar bóluafnis gegn sumarexemi hjá Tilraunastöð HÍ á Keldum.
- vegna þróunar á kynbótamati á vegum Bændasamtaka Íslands.
- vegna vitundar um vinnuvernd í landbúnaði á vegum Bændasamtaka Íslands.
- vegna margháttæðra rannsókna á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands.
- vegna uppbyggingar rannsóknainnviða hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.
- vegna stofnræktunar kartöfluútsæðis hjá Sambandi garðyrkjubænda.
- vegna úrvinnslu skógarafurða hjá Landssamtökum skógareigenda.

b) Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum

Á árinu 2015 miðaðist stuðningur Framleiðnisjóðs við nýsköpun og eflingu atvinnu á bújörðum sem fyrr að hámarki 30% áætlaðs kostnaðar, allt að 2,8 mkr. á býli. Viðbótarframlög, allt að 1,3 mkr., eru þó veitt vegna framkvæmda sem taldar voru geta skapað tvö ársverk eða fleiri. Samtals námu framlögin 36 mkr. sem er talsvert hærri fjárhæð en árið á undan. (sjá 5. töflu) Hækkunin á milli ára er 15,6%. Fleiri verkefni á vegum bænda voru studd eins og sjá má í 4. töflu; verkefni sem fleiri aðilar eiga hlut að eða varða óstaðbundna starfsemi en fela þó í sér áhugaverða nýsköpun í sveitum. Samþykkt erindi, er snerta atvinnueflingu og nýsköpun á einstökum bújörðum, skiptast eftir landshlutum og viðfangsefnum eins og 1. tafla sýnir:

1. tafla. Samþykkt framlög til nýsköpunar og eflingar atvinnu á bújörðum 2015

Landshluti	Ferðabúskapur	Tamn. og hestapjón.	Iðnaður	Heimavinnsla	Ýmislegt	Alls
Vesturland	3	-	-	-	-	3
Vestfirðir	-	-	-	-	-	-
Norðurland vestra	1	1	-	-	-	2
Norðurland eystra	4	-	1	-	1	6
Austurland	2	-	1	2	-	5
Suðurland	-	-	1	-	-	1
Reykjanes	-	-	-	-	-	-
SAMTALS	10	1	3	2	1	17

Fjöldi verkefna í þessum flokki hefur reynst breytilegur á milli ára.

c) Endurmenntun – námsstyrkir

Framleiðnisjóður hafði frumkvæði að því á árinu 2006 að koma á fót starfsmenntasjóði hjá Bændasamtökum Íslands. Taldi stjórn FL það eðlilegri skipan mála en að Framleiðnisjóður niðurgreiddi námskeiðsgjöld til búnaðarskólanna. Stjórn Bændasamtakanna setti starfsmenntasjóðnum starfsreglur í samráði við stjórn Framleiðnisjóðs sem á hinn bóginn leggur sjóðnum til fjármuni er ganga til þess að létta bændum og búaliði sókn til endurmenntunar. Greinargerð um Starfsmenntasjóð BÍ er í 8. kafla ársskýrslunnar. Framleiðnisjóður bauð fram sérstaka styrki til framhaldsnáms í búvísindum og samþykkti stjórn Framleiðnisjóðs 6 slíka styrki á árinu.

d) Kynningarmál

Framleiðnisjóður hefur ekki staðið fyrir viðamiklu kynningarstarfi á starfsemi sinni. Þó hefur hann minnt á tilveru sína með reglubundnum hætti í Bændablaðinu auk einstakra auglýsinga. Einnig hefur stjórn sjóðsins gert rækilega grein fyrir störfum sínum og úthlutunum með reglulegri útgáfu ársskýrslu í meira en 25 ár eða frá árinu 1987. Þá hafa önnur tilefni verið nýtt, þegar gefist hafa eða óskað hefur verið eftir kynningu á sjóðnum og starfsemi hans. Einnig heldur sjóðurinn úti vefsíðu á slóðinni www.fl.is þar sem er að finna helstu upplýsingar um sjóðinn, fréttir, ársskýrslur, umsóknareyðublöð o.fl.

8. AF SÉRSTÖKUM VERKEFNUM FL

a) Starfsmenntasjóður BÍ

Starfsmenntasjóður BÍ, sem fjármagnaður er af Framleiðnisjóði eins og fyrr sagði, tók til starfa um miðbik ársins 2006. Mótaðar voru reglur um stuðning og þær kynntar, sjá m.a. www.bondi.is/landbunadur/. Skrifstofa Bændasamtaka Íslands annast rekstur sjóðsins í daglegri umsjón Ásdísar Kristinsdóttur. Eftirfarandi er byggt á greinargerð hennar:

Á árinu 2015 bárust alls **128** umsóknir í sjóðinn, 95 voru afgreiddar með framlögum, og 33 eru í vinnslu um áramót.

2. tafla. Fjöldi umsókna um starfsmenntastyrki á árinu 2015 skipt eftir aðalþágrein umsækjenda.

Búgrein	Fjöldi	Búgrein	Fjöldi
Sauðfjarrækt	77	Nautgriparætt	36
Ferðaþjónusta	2	Skógrækt	6
Hrossarækt	5	Nýsköpun og hlunnindi	1
Svínarækt	1		

3. tafla

Rekstraryfirlit Starfsmenntasjóðs BÍ

Tekjur	2015	2006-2014
Framlag FL	2.300.000	37.500.000
Styrkveitingar	2.404.800	37.044.899
Rekstrarafgangur:	(104.800)	455.101
Ójafnað eigið fé 31.12.15	350.301	

ÁK 1.2.2016

b) Umsýsluverkefni

Þann 8. júlí 2014 var undirritað samkomulag um að Framleiðnisjóður landbúnaðarins tæki við umsjón með úthlutun styrkja til þróunarverkefna í sauðfjarrækt og nautgriparækt, samkvæmt ákvæðum búvörusamninga. Þessi verkefni voru áður í umsjón Bændasamtaka Íslands. Er þetta hluti af tilfærslu stjórnarsýsluverkefna landbúnaðarmála frá Bændasamtökunum til ríkisins með hliðsjón af áliti Ríkisendurskoðunar varðandi þau málefni. Framleiðnisjóður auglýsir eftir styrkumsóknum en eftir sem áður eru það fagrað í viðkomandi búgrein sem munu veita umsögn um þær umsóknir sem berast. Sjóðurinn mun sjá um ráðstöfun fjármuna og eftirfylgni verkefna í samræmi við verk-lagsreglur Bændasamtaka Íslands.

Þróunarfé sauðfjarræktarinnar

Eftirfarandi verkefni hlutu styrk á árinu 2015. Greiðsla framlaga ræðst af framvindu verkefnis.

Landgræðsla ríkisins: Landbótasjóður 2015	6.300.000
Sigurborg Hanna Sigurðardóttir: Kortlagning litafjölbreytileika	528.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði: Endurbætur á aðstöðu fyrir sauðfé	4.000.000

RML: Ráðgjöf við fóduröflun	360.000
RML og Lbhí: Hagrænt vægi eiginleika í nautgripa- og sauðfjarrækt	1.918.000
RML: Afkvæmarannsóknir hrúta hjá bændum	2.000.000
RML: Kaup á ómsjá	477.500
RML: Afkvæmarannsóknir vegna sæðishrúta	420.000
BÍ: Skýrsluhaldskerfið LAMB	1.000.000
BÍ: Þróunar á kynbótamati fyrir þunga sauðfjár	2.900.000
Lbhí: Rannsókn á fósturláti hjá gemlingum	4.000.000
Lbhí: Afkvæmarannsóknir á Hesti 2015	1.500.000
Landssamtök sauðfjábænda: Fagfundur 2015	770.000
Mátis ohf.: Námskeið fyrir kjötsmáframleiðendur	3.500.000
Guðríður Baldvinsdóttir: Rannsókn á beit í ungsjógi	1.102.375
Landgræðsla ríkisins: Landbótasjóður 2016	6.450.000
Carolín Kerstin Mende: Fræðslubók um íslenskt sauðfé	250.000
Lbhí: Afkvæmarannsóknir á Hesti 2016	1.200.000

Þróunarfé nautgriparéktarinnar

Eftirfarandi verkefni hlutu styrk á árinu 2015. Greiðsla framlaga ræðst af framvindu verkefnis.

Mátis ohf.: Sýr auðgað með ómega-3 fitusýrum	1.500.000
Baldur Örn Samúelsson: Hjálpartæki við beiðslisgreiningu	220.000
Lbhí: Kynbótamat fyrir afurðir í nautgriparékt	3.200.000
RML: Söfnun gagna úr mjaltþjónum og rafræn skráning	2.680.000
LK: Þróunar fjósbygginga og mjaltatækni 2013-2015	225.000
RML: Ráðgjöf í fóduröflun	840.000
RML: Þróun á fódurmatskerfi fyrir kýr	1.500.000
Lbhí: Áhrif fódrunar á efnasamsetningu mjólkur	5.100.000
RML og Lbhí: Hagrænt vægi eiginleika í nautgripa- og sauðfjarrækt	1.898.000

Þróunarfé garðyrkjunnar

Þann 16. desember 2014 var undirritað samkomulag um að Framleiðnisjóður landbúnaðarins tæki við umsjón með úthlutun styrkja til kynninga-, rannsóknna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna við framleiðslu garðyrkjuafurða. Þessi verkefni voru áður í umsjón Sambands garðyrkjubænda og Bændasamtaka Íslands. Framleiðnisjóður auglýsir eftir styrkumsóknum en eftir sem áður er það fagrað í garðyrkju sem mun veita umsögn um þær umsóknir sem berast. Sjóðurinn mun sjá um ráðstöfun fjármuna og eftirfylgni verkefna í samræmi við verklagsreglur Bændasamtaka Íslands.

Eftirfarandi verkefni hlutu styrk á árinu 2015. Greiðsla framlaga ræðst af framvindu verkefnis.

Lbhí: Ræktun gróðurhúsajarðaberja að vetri	2.200.000
Sölufélag garðyrkjumanna ehf.: Safavinnsla úr ísl. grænmeti	1.157.050
RML: Erlendir ráðunautar 2015	9.214.024

9. Í EFTIRLEITUM

Umsóknir til Framleiðnisjóðs á árinu 2015 voru sem fyrr fjölbreyttar að efni þótt því megi einnig halda fram með rökum að nokkurrar einsleitni gæti frá einu ári til annars. Það breytir ekki því að umsóknirnar endurspeglar vilja umsækjenda til atvinnuefingar

og nýsköpunar. Einnig ber að hafa í huga að allri nýsköpun fylgir áhætta sem jafnan liggur að stærstum hluta hjá þeim sem fyrir henni standa og ætla að hafa af henni viðurværi. Þeim mun mikilvægara er að vandað sé til undirbúnings því eitt er að fá hugmynd; annað er að gera sér grein fyrir hvort hún sé raunhæf og framkvæmanleg.

Í nær hálfra öld hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins verið nýsköpunar- og þróunarsjóður landbúnaðarins. Mörg störf hafa orðið til í sveitum fyrir tilstuðlan fjárfestingastuðnings frá sjóðnum og ný tækifæri skapast vegna afraksturs rannsóknastarfs sem notið hefur stuðnings hans. Nauðsynlegt er að grípa öll tækifæri sem dreifbýlinu bjóðast til uppbyggingar atvinnulífs. Starf sjóðsins hefur á undanförunum árum sannað sig hvað það snertir. Nefna má uppbyggingu ferðaþjónustu, ýmiskonar heimavinnslu afurða, smávirkjana og á mörgum fleiri sviðum. Öflugt rannsóknar-, nýsköpunar- og þróunarstarf er öllum atvinnugreinum nauðsynlegt, þar er landbúnaðurinn ekki undanskilinn síður en svo. Nauðsynlegt er að framtíðaruppbygging sjóðsins og fjármögnun miðist að því að atvinnugreinin sjálf taki höndum saman um að móta framtíðarstefnu í landbúnaði á Íslandi og fylgi þeirri stefnu eftir með öflugum rannsóknar- og þróunarstarfi og eflingu nýsköpunar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins þakka öllum þeim, sem í hlut eiga, góð og gagnleg samskipti á árinu 2015.

4. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til almennra framleiðni og hagræðingarverkefna á árinu 2015. Framlögin eru flokkuð eftir viðfangsefnum. Upphæðir eru í krónum.

Nafn ábyrgðaraðila	Verkefni	Upphæð
Rannsóknar- og þróunarverkefni		
Samband garðyrkjubænda	Stofnræktun kartöfluútsæðis	4.500.000
Landssamtök Skógareigenda	Hraðrækt jólatrjáa á ökrum	3.000.000
Landssamtök Skógareigenda	Úrvinnsla skógarafurða	2.000.000
Norðurlandsskógar	Gæða- og árangursmat á landsvísu	1.500.000
Félag skógarb. á Fljótaldshéraði	Viðarmagns- og markaðsúttekt fyrir viðarafurðir	1.500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Yndisgróður 2	1.500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Plöntur í skjólbelti	1.800.000
Landgræðsla ríkisins	Varnir gegn brandyglu í garðyrkju	1.000.000
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins	Þróun á fóðurmatskerfi fyrir mjólkurkúr	900.000
Nautastöð Bændasamtaka Íslands	Betra sæði - Betri frjósemi	4.000.000
Bændasamtök Íslands	WorldFengur- skráningarkerfi fyrir kynbótasýningar	1.800.000
Bændasamtök Íslands	Kynbótaútreikningar (BLUP) og þróun kynbótamats	5.000.000
RORUM ehf	Sjálfbær nýting á þangi Ísafjarðardjúps	2.000.000
Iceprotein ehf	Aukið geymslupól á fersku folaldakjöti	1.000.000
Matís ohf	Stjórnun á magni fjölringa kolvetnissambanda í reyktu kjöti og fiski	2.000.000
Matís ohf	Könnun á framleiðslu kjöts af heilum galtargrísam	1.500.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	Tíðni og orsakir folaldadauða á Íslandi	1.000.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	Sumarexem í íslenskum hestum	2.300.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Íslandsbygg 2.0	7.200.000
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins	Hey- og jarðvegssýnatökur, reiknilíkan	480.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Mat á norræna rauðsmárasafninu	400.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Prófanir á nýjum yrkjum af grösum og smára	400.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Langtímaáhrif kúamykju á jarðveg og gróðurfar	800.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Rafrænn skýrsluhaldsgrunnur fyrir ísl. geitastofninn	2.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Uppbygging rannsóknainviða hjá Lbhí	7.500.000
		57.080.000

Fyrirtæki o.fl. í dreifbýli

Soffía Reynisdóttir	Reiðskóli Reynis- Vefsíðan	2.000.000
Elísabet Axelsdóttir	Efnamælingastofa (Efnagreining ehf)	2.000.000
Ormsstaðir	v/rannsóknar á galtarbragði	650.000
		4.650.000

Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf

Sigurður Max Jónsson	Styrkur til framhaldsnáms (MS)	600.000
Seyedmoeen Shayestehaminzadeh	Styrkur til framhaldsnáms (MS)	600.000
Guðríður Baldvinsdóttir	Styrkur til framhaldsnáms (MS)	600.000
Ditte Clausen	Styrkur til framhaldsnáms (MS)	600.000
Pórey Ólöf Gylfadóttir	Styrkur til framhaldsnáms (Phd)	600.000
Magnus Göransson	Styrkur til framhaldsnáms (Phd)	600.000
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins	Efling ráðgjafar í lífrænni framleiðslu	1.700.000
Bændasamtök Íslands	Vitund um vinnuvernd í landbúnaði	2.000.000
Bændasamtök Íslands	Innleiðing á nýju skýrsluhaldskerfi í sauðfjárrækt	2.000.000
		9.300.000

Verkefni á lögbýlum

Nýsköun og efling atvinnu á bújörðum	Sjá 5. töflu	36.080.000
	Samtals verkefnaráðstöfun á árinu 2015	107.110.000

5. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til atvinnueflingar og þróunar á bújörðum 2015, sjá 7. kafla b hér að framan og sbr. 1. töflu. Greiðsla framlaga ræðst af framvindu verkefnis og ekki kemur allt til framkvæmda sem ætlað er. Upphæðir eru í krónum.

Nafn/nöfn	Býli	Sýsla	Verkefni	Upphæð
Bragi Geir Gunnarsson	Björk	Borg	Ferðaþjónusta	2.800.000
Selgarður ehf	Hítarneskoti	Mýr	Ferðaþjónusta	1.400.000
Finnbogi Harðarson	Sauðafelli	Dal	Ferðaþjónusta	1.400.000
Jakob Víðir Kristjánsson	Stóradal	A-Hún	Tamninga- og kennsluaðstaða	1.000.000
Elvar Eylert Einarsson	Syðra-Skörðugili	Skag	Hestatengd ferðaþjónusta	2.000.000
Sigurjón Steinsson	Myrká	Eyjaf	Ostagerð á Myrká	2.800.000
Aníta L. Þórarinsdóttir	Hlíðarendi	S-Þing	Ferðaþjónusta	1.000.000
Ólafur Ingólfsson	Hlíð	S-Þing	Heimarafstöð	2.800.000
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson	Öndófsstöðum	S-Þing	Ferðaþjónusta	1.400.000
Dagrún Þórisdóttir	Felli	N-Þing	Ferðaþjónusta	1.400.000
Sigurður Þór Guðmundsson	Holti	N-Þing	Ferðaþjónusta	2.800.000
Skógarafurðir ehf	Ytri Víðivöllum II	N-Múl	Framleiðsluaðstaða fyrir skógarafurðir	2.800.000
Jóhann G. Jóhannsson	Breiðavaði	S-Múl	Ferðaþjónusta	2.800.000
Pomp og prakt ehf	Karlstöðum	S-Múl	Heimavinnsla afurða	2.800.000
Félagsbúið Lindarbrekka	Lindarbrekku	S-Múl	Heimavinnsla afurða	2.800.000
Þórður Júlíusson	Skorrastað III	S-Múl	Ferðaþjónusta	1.400.000
Guðrún Stefánsdóttir	Hlíðarendakoti	Rang	Þórðarárvirkjun	2.680.000
				36.080.000

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársreikningur 2015

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnenda	13
Áritun endurskoðenda	14
Rekstrarreikningur	15
Efnahagsreikningur	16
Sjóðstreymi	17
Skýringar	18-20

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Á árinu 2015 var tekjuafgangur af rekstri Framleiðnisjóðsins 0,8 m.kr. Eignir samtals eru 212,2 m.kr. í árslok. Skuldir samtals eru 142,8 m.kr. og eigið fé 69,4 m.kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. febrúar 2016

í stjórn


Ríkhart Brynjólfsson,
formaður


Guðný Helga Björnsdóttir


Sveinn Ingvarsson


Elín Aradóttir


Björn Halldórsson


Þórhildur Þorsteinsdóttir
framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.


Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árinu 2015, efnahag 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 22. febrúar 2016



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.



Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi.

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	2015	2014
Sjóður og innstæður			
Innstæður í lánastofnunum.....	2	<u>212.185.435</u>	<u>161.282.735</u>
Eignir alls		<u><u>212.185.435</u></u>	<u><u>161.282.735</u></u>
Skuldir og eigið fé			
Aðrar skuldir:			
Óhafin framlög.....	4	71.166.000	82.411.000
Umsýslufé.....	5	71.042.078	9.801.729
Ýmsar skammtímaskuldir.....		<u>585.413</u>	<u>519.777</u>
	Skuldir	<u><u>142.793.491</u></u>	<u><u>92.732.506</u></u>
Eigið fé:			
Eigið fé.....	3	<u>69.391.944</u>	<u>68.550.229</u>
	Eigið fé	<u><u>69.391.944</u></u>	<u><u>68.550.229</u></u>
Skuldir og eigið fé alls		<u><u>212.185.435</u></u>	<u><u>161.282.735</u></u>

Sjóðstreymi árið 2015

	Skýr.	2015	2014
Handbært fé frá rekstri:			
Tekjuafgangur		841.715	11.623.352
Veltufé frá rekstri		<u>841.715</u>	<u>11.623.352</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun.....		0	0
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....		50.060.985	1.146.421
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>50.060.985</u>	<u>1.146.421</u>
Handbært fé frá rekstri		50.902.700	12.769.773
(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....		50.902.700	12.769.773
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>161.282.735</u>	<u>148.512.962</u>
Handbært fé í lok ársins		<u><u>212.185.435</u></u>	<u><u>161.282.735</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Handbært fé

2. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast óbundnar bankainnstæður sjóðsins.

Eigið fé

3. Yfirlit um breytingar á eigin fé

Bókfært eigið fé í ársbyrjun	68.550.229
Tekjuafgangur ársins	841.715
Eigið fé í árslok	<u>69.391.944</u>

4. Óhafin framlög

Óhafin framlög í árslok 2015 greinast þannig:

Framlög samþykkt á árinu 2013 og fyrr.....	12.556.000
Framlög samþykkt á árinu 2014.....	18.630.000
Framlög samþykkt á árinu 2015.....	39.980.000
Samtals	<u>71.166.000</u>

5. Umsýslufé

Framleiðnisjóði hefur verið falin fjármálaumsýsla vegna aðlögunarsamnings garðyrkju. Á árinu 2014 bættust við tvö önnur verkefni sem varða þróunarfé sauðfjárræktar og nautgriparæktar.

Í árslok er óráðstafað eftirfarandi:

Aðlögunarsamningur garðyrkju.....	9.502.284
Þróunarfé sauðfjárræktar.....	32.415.569
Þróunarfé nautgriparæktar.....	29.124.225
	<u>71.042.078</u>

Skýringar

Sundurliðanir úr rekstrarreikningi

6. Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf

Framlög vegna fræðslu, endurmenntunar og ráðgjafar lækka um 10,7 m.kr. frá fyrra ári sem er 53,5% hækkun.

	2015	2014
Bændanámskeið.....	0	7.000.000
Styrkir til framhaldsnáms.....	3.600.000	6.000.000
Atvinnu- og nýsköpunarnámskeið.....	0	1.500.000
Ýmis fræðsla og ráðgjöf.....	5.700.000	5.500.000
	<u>9.300.000</u>	<u>20.000.000</u>

7. Rannsóknar- og þróunarverkefni

Framlög til rannsóknar- og þróunarverkefna hækka um 28,2 m.kr. frá fyrra ári eða um 97,6%

Þróunarverkefni búgreina

Sauðfjárrækt.....	0	1.500.000
Naurgriparrækt.....	4.900.000	0
Hrossarrækt.....	1.800.000	0
Skógrækt og landgræðsla.....	12.300.000	3.700.000
Stofnrækt kartaflna.....	4.500.000	4.100.000
Ýmis búgreinaverkefni.....	7.000.000	1.500.000
	<u>30.500.000</u>	<u>10.800.000</u>

Ýmsar fagrannsóknir

Ræktunar-, jarðvegs- og gróðurannsóknir.....	2.080.000	4.300.000
Matvæla- og bútæknirannsóknir.....	4.500.000	0
Erfða- og líffræðirannsóknir.....	3.300.000	1.500.000
Kornkynbætur og rannsóknir.....	7.200.000	7.100.000
Ýmis rannsóknar- og þróunarverkefni.....	9.500.000	5.200.000
	<u>26.580.000</u>	<u>18.100.000</u>
Rannsóknar og þróunarverkefni alls	<u>57.080.000</u>	<u>28.900.000</u>

8. Fyrirtæki í dreifbýli

Framlög í þennan flokk lækka samtals um 3,9 m.kr. frá fyrra ári.

Vegna ýmissa bændaverkefna	650.000	5.100.000
Vegna annarra fyrirtækja.....	4.000.000	3.500.000
	<u>4.650.000</u>	<u>8.600.000</u>

Skýringar

9. Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda

Framlög til nýsköpunar á bújörðum og verkefna á vegum bænda hækkuðu um 4,8 m.kr. eða 15,6% frá fyrra ári. Hámarksframlag til einstakra verkefna er 2,8 m.kr. en þó aldrei hærra en 30% af stofnkostnaði.

	2015	2014
Ferðaþjónusta.....	18.400.000	10.550.000
Smávirkjanir og hitaveitur.....	5.480.000	2.000.000
Iðn- og handverksaðstaða.....	2.800.000	3.960.000
Aðstaða vegna heimavinnslu afurða.....	8.400.000	7.600.000
Önnur verkefni á vegum bænda.....	1.000.000	7.110.000
	36.080.000	31.220.000

10. Fyrnd framlög

Hér er um að ræða bakfærslu óhafinna framlaga sem samþykkt voru á árunum 2014 og fyrr en hafa ekki verið nýtt að neinu leyti.

11. Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður hækkar um 3,1% frá fyrra ári.

Stjórnarlaun.....	5.423.760	5.423.760
Laun.....	5.981.344	5.622.074
Launatengd gjöld.....	2.050.375	2.002.926
	13.455.479	13.048.760

12. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður samtals hækkar um 6,9% frá fyrra ári.

Ferða- og fundakostnaður.....	1.832.144	2.031.971
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	1.195.488	938.272
Endurskoðun og gerð ársreiknings.....	578.600	505.600
Húsnæðiskostnaður.....	830.414	841.203
Gjaldfærður skrifstofubúnaður.....	398.881	205.466
	4.835.527	4.522.512